

**Nd. 645. Frumvarp til laga [175. mál]**

um breyting á sveitarstjórnarlögum, nr. 12 31. maí 1927, og um afnám laga nr. 17 26. febr. 1943, um breyting á þeim lögum.

Frá heilbrigðis- og félagsmálanefnd.

**1. gr.**

23. gr. laga nr. 12 31. maí 1927 orðist svo:

Oddviti skal hafa að launum um árið fimm krónur fyrir hvern mann í hreppnum samkvæmt manntali þess árs, er hann tekur laun fyrir, og auk þess minnst 2% — tvo af hundraði — af innheimtum útsvörum.

Á laun oddvita, önnur en innheimtulaun, greiðist verðlagsuppbót eftir almennri vísitölu, eins og hún á hverjum tíma er greidd á laun starfsmanna ríkisins. Oddvitar skulu og framvegis njóta sömu og sams konar launahækkana og opinberir starfsmenn hljóta hjá ríkinu og ríkisstofnunum.

**2. gr.**

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 17 26. febr. 1943.

**3. gr.**

Lög þessi öðlast þegar gildi, og taka oddvitar laun samkvæmt þeim frá 1. janúar 1951 að telja.

**Greinargerð.**

Nefndin flytur frumvarp þetta eftir ósk félagsmálaráðuneytisins, og hafa einstakir nefndarmenn óbundnar hendur um fylgi við málið. Frumvarpinu fylgdi svo hljóðandi greinargerð:

„Laun hreppsnefndaroddvita hafa alla tíð verið mjög lág, og launabætur þær, sem greiddar hafa verið opinberum starfsmönnum ríkisins og ríkisstofnana og bæjarstjórnir hafa ákveðið sínum starfsmönnum, er ekki talið heimilt að greiða oddvitum, nema samþykki sýslunefndar komi til. Undanfarin ár hafa lögákveðin árs-laun þeirra verið ein króna af íbúa hverjum í sveitarfélaginu, og á þá upphæð hefur verið greidd vísitöluuppbót. Vísitalan var, svo sem kunnugt er, 300, þar til lög nr. 22/1950, um gengisskráningu o. fl., voru sett, 19. marz 1950, og hætt var samkvæmt þeim að greina á milli grunnkaups og verðlagsuppbótar.

Sums staðar hafa þó hreppsnefndir útvegað sér heimild sýslunefndar til að greiða oddvitum uppbætur á laun, svipaðar þeim, sem opinberir starfsmenn hafa fengið, og hefur þetta skapað misræmi í launagreiðslum innbyrðis milli oddvitanna.

Samband íslenzkra sveitarfélaga hefur skrifað félagsmálaráðuneytinu um mál þetta og óskað eftir, að laun oddvita yrðu nú hækkuð. Segir m. a. í bréfi sambandsstjórnarinnar á þessa leið:

„Á árinu 1944 var samþykkt á Alþingi 25—30% grunnlaunahækkun til opinberra starfsmanna, og ári síðar voru svo sett launalög, þar sem laun starfsmanna ríkisins voru ákveðin með tilliti til þessarar hækkunar.

Í samræmi við þetta munu laun hjá nokkrum oddvitum hafa verið hækkuð úr kr. 1.00 í kr. 1.30 af íbúa og verðlagsuppbót reiknuð þar af. Samkvæmt þeim útreikningi eru laun oddvita kr. 3,90 eftir gildistöku laga nr. 22 frá 1950, að viðbættri núverandi vísitölu.

Í fjárlögum ársins 1950, 19. gr. 2. tölul., eru tilteknar launuppbætur til starfsmanna ríkisins fyrir það ár, frá 10—17% eftir launaflokkum.

Ef oddvitar njóta sama réttar um launagreiðslur og launahækkanir og starfsmenn ríkisins og laun þeirra væru hækkuð um 17% frá því, sem gengislögin gera ráð fyrir, og miðað væri við 30% hækkun árið 1944, þá bæri þeim kr. 4.56 í grunnlaun af hverjum íbúa í sveitarfélaginu.

Með setningu laganna frá 1943 mun tilgangurinn hafa verið sá að slá því föstu, að laun oddvita skyldu hækka í samræmi við laun starfsmanna ríkisins, en farizt hefur fyrir að taka það skýrum orðum fram í síðari ákvæðum um launuppbætur, að þær næðu einnig til launa oddvita.“

Rétt þykir því að hækka laun oddvitanna nú frá 1. janúar 1951 að telja og ákveða þau 5 krónur af íbúa auk verðlagsuppbótar, enda þótt það sé aðeins hærra en laun þeirra ættu að vera, ef stranglega væri fylgt þeirri reglu, sem uppbætur á laun opinberra starfsmanna eru reiknuð eftir, og er það gert af þeim orsökum, að störf þeirra hafa aukizt á síðustu árum jafnhliða auknum afskiptum ríkis og sveitarfélaga á mörgum sviðum.

Með tilliti til annarra kaupgreiðslna verða það tæpast með réttum rökum talin of há laun, þótt oddviti í 100 manna sveitarfélagi fái 500 krónur í ársþóknun fyrir störf í þágu sveitarfélagsins, auk venjulegs vísitöluálags meðan það helzt.

Þá þykir og rétt að taka af öll tvímæli um það nú, að oddvitar skuli framvegis hljóta sömu launahækkanir og opinberir starfsmenn fá hjá ríki og ríkisstofnunum, enda er slíkt sanngirnismál, sem erfitt er að standa á móti.“